

Frumvarp til laga

um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013–2014.)

1. gr.

Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011, um frjálsa för launafólks innan Sambandsins, eins og henni var breytt með ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, skulu hafa lagagildi hér á landi.

Reglugerðin er prentuð sem fylgiskjal með lögum þessum. Ákvæði 2. og 3. þáttar 1. kafla reglugerðarinnar skulu enn fremur gilda um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyinga.

2. gr.

Aðstandandi ríkisborgara EES-ríkis eða EFTA-ríkis sem dvelur löglega hér á landi á rétt til að ráða sig til starfa eða að starfa sem sjálfstætt starfandi einstaklingur á íslenskum vinnu- markaði óháð þjóðerni.

Aðstandendur ríkisborgara EES-ríkis eða EFTA-ríkis skv. 1. mgr. eru:

- maki, sambúðarmaki eða samvistarmaki,
- niðji hans og/eða maka hans, ef niðjinn er yngri en 21 árs eða á þeirra framfæri,
- ættmenni hans eða maka hans, í beinan legg, sem er á framfæri þeirra.

3. gr.

Ráðherra skal skipa þriggja manna nefnd til að hafa eftirlit með framkvæmd þessara laga og getur hún beint tilmælum til viðkomandi aðila þar að lútandi. Alþýðusamband Íslands skal tilnefna einn fulltrúa, Samtök atvinnulífsins annan fulltrúa og þriðji fulltrúinn skal skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Skipunartími nefndar skal vera fjögur ár.

Komi upp ágreiningur um hvort fylgt sé ákvæðum 7. gr. reglugerðar nr. 492/2011 er heimilt að vísa þeim ágreiningi til nefndarinnar, sbr. 1. mgr., sem leitast skal við að leysa þann ágreining. Í þessum tilgangi getur nefndin leitað eftir upplýsingum hjá stofnunum, samtökum eða einstökum fyrirtækjum sem veita nefndinni nauðsynlegar upplýsingar um almenn ráðningar- og starfskjör í atvinnugreinum og fyrirtækjum. Verði sátt eigi komið á með aðilum er heimilt að leita til dómstóla.

Þegar nefndin fjallar um mál sem varðar sérstaklega opinbera starfsmenn er falla undir atvinnu- og búseturéttindi Evrópska efnahagssvæðisins skulu tveir fulltrúar taka sæti í nefndinni auk fulltrúa skv. 1. mgr. Skal annar þeirra tilnefndur af hlutaðeigandi heildarsamtökum

opinberra starfsmanna og hinn af ráðherra er fer með starfsmannamál ríkisins eða Sambandi íslenskra sveitarfélaga eftir því sem við á.

Þegar nefndin fjallar um mál sem varða sérstaklega önnur heildarsamtök launafólks eða atvinnurekenda en þau sem kveðið er á um í 1. og 3. mgr. skulu fulltrúar þeirra samtaka taka sæti í nefndinni.

4. gr.

Ráðherra getur með reglugerð gefið nánari fyrirmæli um framkvæmd eftirlits skv. 3. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku laganna falla brott lög um frjálstan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 47/1993, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 1.–6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011, um frjálsta för launafólks innan Sambandsins, taka þó ekki gildi um atvinnu- og búseturétt ríkisborgara Króatíu fyrr en 1. júlí 2015. Hið sama gildir um aðstandendur þessara ríkisborgara skv. 2. gr. laganna.

Fylgiskjal.

Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011, um frjálsta för launafólks innan Sambandsins, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af V. viðauka, bókun 1 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og öðrum ákvæðum hans.*

*Aðlögun reglugerðarinnar er með fyrirvara um framkvæmd EFTA-rikkjanna á einstökum þáttum hennar.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) NR. 492/2011

frá 5. apríl 2011

um frjálsta för launafólks innan Sambandsins

(kerfisbundin útgáfa)

(Texti sem varðar EES)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPU-SAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 46. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 44, 11.2.2011, bls. 170.

⁽²⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 7. september 2010 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 21. mars 2011.

- 1) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 frá 15. október 1968 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins ⁽¹⁾ hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ⁽²⁾. Fyrir skýrleika sakir og til hagræðingar ber því að kerfisbinda reglugerðina.
- 2) Frjáls för launafólks skal vera tryggð innan Sambandsins. Þetta felur í sér afnám allrar mismununar launafólks í aðildarríkjunum sem byggð er á ríkisfangi og lýtur að atvinnu, launakjörum og öðrum starfs- og ráðningarskilyrðum, auk réttar þessa launafólks, að teknu tilliti til takmarkana sem helgast af allsherjarreglu, almannaöryggi og almannaheilbrigði, til að hafa frelsi til að fara um innan Sambandsins í því augnamiði að starfa sem launþegi.
- 3) Mælt skal fyrir um ákvæði til að unnt sé að ná markmiðunum sem sett eru fram í 45. og 46. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og fjalla um frjálsa för launafólks.
- 4) Frjáls för telst til grundvallarréttinda launafólks og fjölskyldna þeirra. Tryggja ber óheftan hreyfanleika vinnuafis innan Sambandsins sem einn af þeim möguleikum sem launafólk hefur til að bæta lífskjör og vinnuskilyrði sín og einnig félagslega stöðu sína, auk þess sem efnahagslíf í aðildarríkjunum er eflt með þeim hætti. Staðfesta skal rétt alls launafólks í aðildarríkjunum til að starfa innan Sambandsins á þeim sviðum sem það hefur kosið sér.
- 5) Launafólk sem er í fastri vinnu, vinnur við árs-tíðabundin störf eða sækir vinnu yfir landamæri, svo og þeir sem sinna þjónustustörfum, skulu njóta slíks réttar án mismununar.
- 6) Rétturinn til frjálsrar farar felur í sér, eigi að virða hann á hlutlægan hátt með frjálsræði og reisu, að launafólk hljóti jafna meðferð í raun og að lögum hvað varðar öll málefni sem tengjast ástundun launaðrar atvinnu og húsnæðismálum, jafnframt því sem öllum hindrunum gegn hreyfanleika launafólks skal rutt úr vegi, einkum þeim er varða þau skilyrði sem sett eru fyrir komu fjölskyldna launafólks til gistilandsins.
- 7) Meginreglan um bann við mismunun að því er

varðar launafólk innan Sambandsins felur í sér að allir ríkisborgarar aðildarríkjanna njóti sömu réttinda til vinnu og innlent launafólk.

- 8) Ráðstöfun lausra starfa, einkum með beinni samvinnu milli helstu vinnumiðlana og einnig milli svæðisbundinna vinnumiðlana, jafnframt því að samræma upplýsingaskipti, tryggir skýrari heildarmynd af vinnumarkaðinum. Launafólk sem hyggur á flutninga ætti einnig að geta fengið reglulega upplýsingar um lífskjör og vinnuskilyrði.
- 9) Náin tengsl eru á milli frjálsrar farar vinnuafis, atvinnumála og starfsmenntunar, einkum þar sem markmiðið með því síðastnefnda er að gera launafólki kleift að taka atvinnutilboðum annars staðar í Sambandinu. Vegna þessara tengsla er nauðsynlegt að vandamál sem upp kunna að koma séu ekki lengur skoðuð hvert í sínu lagi heldur metin með hliðsjón hvert af öðru auk þess sem tillit skal tekið til atvinnuástands á viðkomandi svæði. Af þessu leiðir að nauðsynlegt er að aðildarríkin beini kröftum sínum að því að samræma atvinnustefnu sína innan Sambandsins.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ATVINNUMÁL, JÖFN MEÐFERÐ OG FJÖLSKYLDUR LAUNAFÓLKS

1. ÞÁTTUR

Aðgangur að atvinnu

1. gr.

1. Sérhver ríkisborgari aðildarríkis skal, óháð búsetustað, hafa rétt til að ráða sig til vinnu sem launþegi og rækja það starf á yfirráðasvæði annars aðildarríkis í samræmi við þau ákvæði sem mælt er fyrir um í lögum og stjórnislyfyrirmælum er gilda um atvinnumál ríkisborgara aðildarríkisins.

2. Hann skal m.a. njóta þeirra réttinda að ráða sig til vinnu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis með sama forgangsrétti og ríkisborgarar þess ríkis.

2. gr.

Sérhver ríkisborgari aðildarríkis og sérhver vinnuveitandi sem rekur starfsemi á yfirráðasvæði aðildarríkis geta skipst á umsóknum og tilboðum um atvinnu og geta komið sér saman um og gert ráðningarsamninga í samræmi við ákvæði gildandi laga

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 257, 19.10.1968, bls. 2.

⁽²⁾ Sjá I. viðauka.

og stjórnsýslufyrirmæla án þess að það leiði til nokkurrar mismununar.

3. gr.

1. Samkvæmt þessari reglugerð skulu ákvæði í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkis ekki gilda í þeim tilvikum:

- a) þar sem þau takmarka umsóknir um og framboð á atvinnu, eða rétt erlendra ríkisborgara til að hefja og stunda atvinnu eða setja þeim önnur skilyrði en þau sem gilda um þeirra eigin ríkisborgara, eða
- b) þar sem meginmarkmið eða áhrif þeirra eru að halda ríkisborgurum annarra aðildarríkja frá atvinnu sem stendur til boða, enda þótt það taki ekki til þjóðernis.

Ákvæði fyrstu undirgreinar á ekki við í þeim tilvikum þar sem tungumálakunnátta skiptir máli vegna eðlis starfsins sem um er að ræða.

2. Þetta skal einkum taka til þeirra ákvæða eða starfsvenja aðildarríkis, samkvæmt fyrstu undirgrein 1. mgr., sem:

- a) mæla fyrir um sérstakar reglur um ráðningar erlendra ríkisborgara,
- b) takmarka eða draga úr auglýsingum í blöðum eða öðrum fjölmiðlum um laus störf eða binda þau öðrum skilmálum en þeim sem gilda fyrir atvinnurekendur með starfsemi á yfirráðasvæði þess aðildarríkis,
- c) binda aðgang að atvinnu við skráningu á ráðningarskrifstofum eða hindra ráðningu einstakra launþega þegar um er að ræða fólk sem ekki býr á yfirráðasvæði þess aðildarríkis sem í hlut á.

4. gr.

1. Ákvæði í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkis sem takmarka fjölda eða hundradshluta erlendra ríkisborgara í fyrirtækjum, atvinnugrein eða á tilteknu svæði, eða á landsvísi, skulu ekki gilda um ríkisborgara annarra aðildarríkja.

2. Þegar ívilnun til fyrirtækja í aðildarríki er bundin við tiltekið lágmarkshlutfall innlands launafólks skulu ríkisborgarar annarra aðildarríkja taldir innlendir starfsmenn, samkvæmt ákvæði í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september

2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi ⁽¹⁾.

5. gr.

Ríkisborgari aðildarríkis sem leitar sér atvinnu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis skal njóta sömu aðstoðar þar og vinnumiðlun þess ríkis veitir innlendur ríkisborgurum sem eru í atvinnuleit.

6. gr.

1. Ráðning og skráning ríkisborgara eins aðildarríkis í stöðu í öðru aðildarríki skal ekki vera háð neinum skilyrðum er varða heilsufar, sérþekkingu eða annað það sem hefur mismunun í för með sér vegna þjóðernis hans í samanburði við ríkisborgara aðildarríkisins sem gegna sama starfi.

2. Ríkisborgari, sem hefur fengið persónulegt starfstilboð frá vinnuveitanda í öðru aðildarríki en sínu eigin, getur þurft að fara í hæfnispróf hafi vinnuveitandinn sett það sem skilyrði með tilboðinu.

2. ÞÁTTUR

Atvinna og jöfn meðferð

7. gr.

1. Ekki er heimilt að láta launþega, sem er ríkisborgari annars aðildarríkis en þess sem hann starfar í, gjalda þjóðernis síns hvað viðvíkur ráðningar- og vinnuskilyrðum, einkum hvað varðar launakjör, uppsögn úr starfi og, komi til atvinnumissis, endurskipun eða endurráðningu.

2. Hann skal njóta sömu félagslegra réttinda og skattaívilnana og innlent launafólk.

3. Hann skal einnig með skirskotun til sama réttar og með sömu skilyrðum hafa sama aðgang og innlent launafólk að þjálfun í skólum er veita starfsmenntun og endurmenntunarstöðvum.

4. Öll ákvæði í kjarasamningum eða ráðningarsamningum eða öðrum almennum reglugerðum, sem varða aðgang að atvinnu, starfskjör og önnur starfskilyrði eða uppsögn, eru ógild að svo miklu leyti sem þau mæla fyrir um eða heimila mismunun launafólks sem er ríkisborgarar annarra aðildarríkja.

8. gr.

Launþegi, sem er ríkisborgari aðildarríkis og starfar á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, skal njóta jafnrar meðferðar að því er varðar aðild að stéttarfélögum

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 22.

og njóta þess réttar er hún veitir, þ.m.t. rétturinn til að greiða atkvæði og til að gegna stjórnar- eða stjórnunarstörfum fyrir stéttarfélagið. Það má meina honum að eiga sæti í stjórnnum sem lúta opinberum rétti eða að gegna stöðu sem er bundin af opinberum rétti. Enn fremur á hann rétt á að taka sæti í fulltrúaráði starfsmanna við fyrirtækið.

Ákvæði fyrstu málsgreinar þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á lög eða reglugerðir í tilteknum aðildarríkjum sem veita launafólki sem kemur frá öðrum aðildarríkjum meiri rétt.

9. gr.

1. Launþegi sem er ríkisborgari aðildarríkis og starfar á yfirráðasvæði annars aðildarríkis skal njóta allra sömu réttinda og ívilnana og innlent launafólk að því er varðar húsnæði, þ.m.t. eignarréttur á húsnæði sem hann þarf á að halda.

2. Launþegi sem um getur í 1. mgr. getur, með sama rétti og innlendir ríkisborgarar, látið skrá sig hjá húsnæðismiðlun á því svæði þar sem hann starfar, fari slík skráning fram, og skal hann njóta viðeigandi ívilnana og forréttinda.

Hafi fjölskylda hans orðið eftir í landinu sem hann kom frá skal einnig tekið tillit til hennar í þessu sambandi, eins og hún væri búsett á viðkomandi svæði, að því tilskildu að innlent launafólk njóti svipaðra fríðinda.

3. ÞÁTTUR

Fjölskyldur launafólks

10. gr.

Börn ríkisborgara aðildarríkis, sem er eða hefur verið ráðinn til vinnu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, skulu eiga rétt á almennri menntun í því ríki, námi á námssamningi og starfsþjálfunarnámskeiðum með sömu skilyrðum og ríkisborgarar þess ríkis, að því tilskildu að börnin búi þar.

Aðildarríkin skulu leggja sig fram um að gera þessum börnum kleift að stunda námið við ákjósanlegustu skilyrði.

II. KAFLI

RÁÐNING Í LAUSAR STÖÐUR OG ATVINNUMSÓKNIR

1. ÞÁTTUR

Samvinna á milli aðildarríkjanna og við framkvæmdastjórnina

11. gr.

1. Aðildarríkin eða framkvæmdastjórnin skulu stofna til eða í sameiningu gera hverjar þær kannanir á atvinnumálum eða atvinnuleysi sem þau telja nauðsynlegar fyrir frjálsa för vinnuafis innan Sambandsins.

Helstu vinnumiðlanir í aðildarríkjunum skulu eiga náið samstarf sín á milli og við framkvæmdastjórnina með það í huga að hafa samráð um ráðningu í lausar stöður og meðferð atvinnuumsókna innan Sambandsins og ráðstöfun starfa í kjölfarið.

2. Í þessu skyni skulu aðildarríkin tilnefna sérstakar þjónustuskrifstofur og ber þeim að skipuleggja þá starfsemi sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. og hafa samráð sín á milli og við deildir framkvæmdastjórnarinnar.

Aðildarríkjunum ber að tilkynna framkvæmdastjórninni um allar breytingar sem verða á tilnefningu aðila til slíkrar þjónustu og skal framkvæmdastjórnin birta nákvæmar upplýsingar um þær í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

12. gr.

1. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um vandamál sem upp kunna að koma í sambandi við frjálsa för og atvinnumál launafólks og upplýsingar um stöðu og þróun atvinnumála.

2. Framkvæmdastjórnin skal, að teknu fyllsta tilliti til álits umsjónarnefndarinnar sem um getur í 29. gr. (í þessari reglugerð nefnd „umsjónarnefndin“) ákvarða með hvaða hætti upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skuli settar fram.

3. Í samræmi við málsmeðferðina sem framkvæmdastjórnin mælir fyrir um, að teknu fyllsta tilliti til álits umsjónarnefndarinnar, skal þjónustuskrifstofa hvers aðildarríkis senda til þjónustuskrifstofa hinna aðildarríkjanna og til evrópsku samráðsskrifstofunnar, sem um getur í 18. gr., upplýsingar um líf skjör og vinnuskilyrði og ástand vinnumarkaðar sem líklegar eru til að koma launafólki frá öðrum aðildarríkjum að gagni. Upplýsingarnar skal endurskoða reglulega.

Þjónustuskrifstofurnar í hinum aðildarríkjunum skulu tryggja að slíkar upplýsingar séu vel kynntar, m.a. með því að dreifa þeim á meðal viðeigandi vinnumiðlana og koma þeim á framfæri, með öllum tiltækum ráðum, við það launafólk sem hlut á að máli.

2. ÞÁTTUR

Ráðstöfun lausra starfa

13. gr.

1. Þjónustuskrifstofa hvers aðildarríkis skal senda reglulega til þjónustuskrifstofa hinna aðildarríkjanna og til evrópsku samráðsskrifstofunnar sem um getur í 18. gr.:

- a) upplýsingar um laus störf sem ríkisborgarar hinna aðildarríkjanna geta hugsanlega gegnt,
- b) upplýsingar um laus störf sem boðin eru fram í þriðju löndum,
- c) upplýsingar um atvinnuumsóknir fólks sem hefur formlega látið í ljós ósk um að starfa í öðru aðildarríki,
- d) upplýsingar, sundurliðaðar eftir svæðum og atvinnugreinum, um umsækjendur sem hafa í raun lýst sig reiðubúna til að taka atvinnutilboði í öðru landi.

Þjónustuskrifstofa hvers aðildarríkis skal senda slíkar upplýsingar áfram til viðkomandi vinnumiðlana og vinnumálaskrifstofa eins fljótt og kostur er.

2. Upplýsingum um lausar stöður og umsóknir, sem um getur í 1. mgr., skal dreift samkvæmt samræmdu heildarkerfi sem evrópska samráðsskrifstofan, sem um getur í 18. gr., skal koma á fót í samvinnu við umsjónarnefndina.

Heimilt er að breyta þessu kerfi ef nauðsyn krefur.

14. gr.

1. Þar til bærar vinnumiðlanir viðkomandi aðildarríkja skulu láta tilkynningar berast um sérhvert laust starf í skilningi 13. gr., sem er tilkynnt til vinnumiðlana aðildarríkis, og vinna úr þeim.

Þessir aðilar skulu senda vinnumiðlunum fyrstnefnda aðildarríkisins upplýsingar um gildar umsóknir.

2. Viðkomandi vinnumiðlanir aðildarríkjanna skulu svara atvinnuumsóknunum sem um getur í c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 13. gr. innan hæfilegs frests sem ekki er lengri en einn mánuður.

3. Vinnumiðlanir skulu veita launafólki sem er ríkisborgarar annarra aðildarríkja sama forgang og gert er ráð fyrir að innlendir ríkisborgarar njóta, með viðkomandi ráðstöfunum, í samanburði við launafólk sem er ríkisborgarar þriðju landa.

15. gr.

1. Þjónustuskrifstofurnar skulu annast framkvæmd ákvæða 14. gr. Hins vegar, að svo miklu leyti sem höfuðstöðvarnar heimila og að svo miklu leyti sem skipulag vinnumiðlana í aðildarríki og úthlutunar- aðferðir leyfa:

a) skulu svæðisbundnar vinnumiðlanir aðildarríkis:

- i. á grundvelli upplýsinganna, sem um getur í 13. gr. og viðeigandi aðgerðir byggjast á, safna saman og manna laus störf og atvinnuumsóknum,
- ii. koma á beinum tengslum við ráðstöfun:
 - starfa sem boðin hafa verið tilteknum launþega,
 - einstakra atvinnuumsókna sem sendar hafa verið annaðhvort til sérstakra vinnumiðlana eða til vinnuveitanda sem rækir starfsemi á því svæði sem miðlunin nær til,
 - starfa til handa árstíðabundnu vinnuafli sem ráða verður eins skjótt og auðið er,

b) skulu vinnumiðlanir, sem ná til svæða sem liggja að landamærum tveggja eða fleiri aðildarríkja, skiptast reglulega á gögnum er varða laus störf og atvinnuumsóknir á þeirra svæði og, með sama hætti og gert er gagnvart öðrum vinnumiðlunum í löndum þeirra, safna saman og manna laus störf og atvinnuumsóknum.

Ef nauðsynlegt reynist skulu vinnumiðlanir, sem ná til svæða sem liggja að landamærum, einnig koma á samvinnu- og þjónustukerfi með það í huga að geta veitt:

— notendum eins miklar hagnýtar upplýsingar um hinar ýmsu hliðar hreyfanleika og hægt er, og aðilum vinnumarkaðarins, félagsþjónustu (m.a. opinberri eða einkarekinni eða þjónustu sem snertir almannahagsmuni) og öllum viðkomandi stofnunum samþættar ráðstafanir er tengjast hreyfanleika,

c) skulu opinberar vinnumiðlanir, sem sérhæfa sig í tilteknum starfsgreinum eða láta sig varða sérstaka hópa fólks, eiga beina samvinnu hver við aðra.

2. Aðildarríkin sem hlut eiga að máli skulu senda framkvæmdastjórninni skrá, sem samráð er haft um, yfir þær stofnanir sem um getur í 1. mgr. og skal framkvæmdastjórnin birta þessa skrá til upplýsingar, ásamt þeim breytingum sem kunna að verða á henni, í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

16. gr.

Ekki er skylt að taka upp þær ráðningaraðferðir sem framkvæmdaraðilar beita og kveðið er á um í samkomulagi sem tvö eða fleiri aðildarríki gera sín á milli.

3. ÞÁTTUR

Leiðir til að hafa eftirlit með jafnvægi á vinnumarkaðinum

17. gr.

1. Á grundvelli skýrslu frá framkvæmdastjórninni, sem unnin er úr upplýsingum frá aðildarríkjunum, skulu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin kanna sameiginlega minnst einu sinni á ári árangur aðgerða Sambandsins vegna lausra starfa og atvinnu-umsókna.

2. Aðildarríkin skulu ásamt framkvæmdastjórninni kanna öll tiltæk ráð til að veita ríkisborgurum aðildarríkjanna forgang þegar lausar stöður eru mánnaðar til að leitast við að koma á jafnvægi milli lausra starfa og umsókna innan Sambandsins. Þau skulu beita öllum tiltækum ráðum í þessu skyni.

3. Annað hvert ár skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins um framkvæmd II. kafla, þar sem gerð er grein fyrir þeim upplýsingum sem hafa borist og niðurstöðum athugana og rannsókna sem hafa farið fram með sérstakri áherslu á gagnlegar upplýsingar er varða þróun vinnumarkaðarins í Sambandinu.

4. ÞÁTTUR

Evrópska samráðsskrifstofan

18. gr.

Evrópska skrifstofan sem samræmir ráðstafanir í lausar stöður og atvinnuumsókna og stofnuð var á vegum framkvæmdastjórnarinnar („evrópska samráðsskrifstofan“), skal almennt gegna því hlutverki að stuðla að því að manna laus störf á vettvangi Evrópusambandsins. Hún skal einkum bera ábyrgð á öllum formsatriðum er varða þennan málaflokk sem, samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, falla und-

ir framkvæmdastjórnina, og ekki síst aðstoða innlendar vinnumiðlanir.

Henni ber að taka saman þær upplýsingar sem um getur í 12. og 13. gr. ásamt niðurstöðum kannana og rannsókna sem gerðar eru samkvæmt 11. gr., í því skyni að varpa ljósi á gagnlegar staðreyndir um fyrirsjáanlega þróun á vinnumarkaði Evrópusambandsins. Slíkum staðreyndum skal koma á framfæri við þjónustuskrifstofur aðildarríkjanna og við ráðgjafarnefndina, sem um getur í 21. gr., og umsjónarnefndina.

19. gr.

1. Evrópska samráðsskrifstofan skal einkum sjá um:

- a) að samræma þær aðferðir sem þörf er á til að manna laus störf innan Sambandsins og hafa yfirlit yfir þá flutninga launafólks sem afhljótast,
- b) að vinna að þessum markmiðum með því að stuðla að því, í samvinnu við umsjónarnefndina, að sambærilegar aðferðir séu notaðar bæði á stigi stjórnsýslu og tækni,
- c) þegar sérstaka nauðsyn ber til, að safna saman í samvinnu við þjónustuskrifstofurnar upplýsingum um laus störf og atvinnuumsóknum svo að þjónustuskrifstofurnar geti mannað störfin.

2. Henni ber að tilkynna þjónustuskrifstofunum um laus störf og atvinnuumsóknir sem sendar hafa verið beint til framkvæmdastjórnarinnar og fá upplýsingar um þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið.

20. gr.

Framkvæmdastjórnin getur, í samvinnu við lögbært yfirvald í hverju aðildarríki fyrir sig og í samræmi við þá skilmála og þær aðferðir sem hún skal ákveða á grundvelli álitsgerðar umsjónarnefndarinnar, skipulagt heimsóknir og verkefni fyrir embættismenn annarra aðildarríkjanna og einnig framhaldsnámskeið fyrir sérmenntað starfsfólk.

III. KAFLI

NEFNDIR SEM EIGA AÐ TRYGGJA NÁNA SAMVINNU MILLI AÐILDARRÍKJANNA Í MÁLEFNUM ER VARÐA FRJÁLSA FÖR LAUNAFÓLKS OG STÖRF ÞESS

1. ÞÁTTUR

Ráðgjafarnefndin

21. gr.

Ráðgjafarnefndin ber ábyrgð á að aðstoða fram-

kvæmdastjórnina við að athuga vafamál sem upp kunna að koma við beitingu sáttmálans um starfs-hætti Evrópusambandsins og í sambandi við ráð-stafanir sem gerðar eru á grundvelli hans og varða frjálsa för launafólks og störf þess.

22. gr.

Ráðgjafarnefndin ber einkum ábyrgð á:

- a) að rannsaka mál er varða frjálsa för launafólks og atvinnumál innan ramma innlendra vinnumála-stefnu, með það að leiðarljósi að samræma stefnu aðildarríkjanna í atvinnumálum innan Evrópu-sambandsins og á þann hátt stuðla að aukinni efnahagslegri þróun og jafnvægi á vinnumarkaði,
- b) að gera almenna úttekt á þeim áhrifum sem framkvæmd þessarar reglugerðar og aðrar viðbótar-ráðstafanir hafa,
- c) að koma til framkvæmdastjórnarinnar rökstudd-um tillögum um endurskoðun á þessari reglu-gerð,
- d) að láta í té, hvort heldur sem er að beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða að eigin frumkvæði, rökstudda álitserð um almenn atriði eða megin-reglur, einkum hvað varðar upplýsingaskipti um þróun mála á vinnumarkaðinum, um flutninga launafólks milli aðildarríkja, um áætlanir eða ráðstafanir til að efla starfsráðgjöf eða starfs-þjálfun sem er líkleg til að auka frjálsa för og at-vinnufrelsi, jafnframt um alla þá aðstoð sem launafólk og fjölskyldur þess eiga kost á, þ.m.t. félagsleg aðstoð og öflun húsnæðis fyrir launafólk.

23. gr.

1. Ráðgjafarnefndin skal skipuð sex fulltrúum frá hverju aðildarríki, tveir skulu vera ríkisstjórnar-fulltrúar, tveir skulu vera frá stéttarfélögum og tveir frá samtökum vinnuveitenda.

2. Hvert aðildarríki skal tilnefna einn varamann fyrir hvern hóp sem tilgreindur er í 1. mgr.

3. Starfstími fulltrúanna og varamanna þeirra skal vera tvö ár. Skipan þeirra skal vera endurnýjanleg.

Er starfstíminn rennur út skulu bæði fulltrúar og varamenn sitja þar til aðrir hafa verið skipaðir í þeirra stað eða skipanir þeirra endurnýjaðar.

24. gr.

Ráðið skal skipa bæði fulltrúa og varamenn í ráð-gjafarnefndina og kappkosta, þegar fulltrúar stéttar-

félaga og samtaka vinnuveitenda eru valdir, að þeir komi frá hinum ýmsu geirum atvinnulífsins.

Ráðið skal birta til upplýsingar skrá með nöfnum fulltrúa og varamanna í Stjórnartíðindum Evrópu-sambandsins.

25. gr.

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar eða varamaður hans fer með formennsku í ráðgjafarnefndinni. Formaðurinn hefur ekki atkvæðisrétt. Nefndin skal koma saman tvisvar á ári hið minnsta. Formaðurinn kveður hana saman, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni a.m.k. þriðjungs nefndarmanna.

Framkvæmdastjórnin skal sjá nefndinni fyrir skrif-stofuþjónustu.

26. gr.

Formaðurinn getur boðið einstaklingum eða fulltrú-um aðila sem hafa víðtæka reynslu af atvinnu- eða flutningsmálum launafólks að taka þátt í fundum sem áheyrnarfulltrúar eða sem sérfræðingar. For-maðurinn getur leitað ráða hjá sérfræðingum.

27. gr.

1. Álitserð ráðgjafarnefndarinnar telst ekki gild nema a.m.k. tveir þriðju hlutar fulltrúanna séu við-staddir.

2. Álitserðir skulu rökstuddar og þær skulu sam-þykktar með hreinum meirihluta gildra atkvæða. Þeim skal fylgja skrifleg greinargerð með áliti minnihlutans, fari hann fram á það.

28. gr.

Ráðgjafarnefndin skal setja sér starfsreglur samkvæmt reglum um málsmeðferð sem skulu taka gildi þegar ráðið, að fengnu áliti framkvæmdastjórnarinnar, hefur gefið samþykki sitt. Gildistaka breytinga sem nefndin kann að gera á þessum starfsreglum skal háð sömu málsmeðferð.

2. ÞÁTTUR

Umsjónarnefndin

29. gr.

Umsjónarnefndin ber ábyrgð á að aðstoða framkvæmdastjórnina við að undirbúa, stuðla að og fylgja eftir öllum formsatriðum og ráðstöfunum sem miða að því að koma þessari reglugerð ásamt við-bótarráðstöfunum í framkvæmd.

30. gr.

Umsjónarnefndin ber einkum ábyrgð á:

- a) að stuðla að og bæta samvinnu milli þeirra stjórnvalda sem hlut eiga að máli í aðildarríkjunum varðandi öll formsatriði í tengslum við frjálsa launafólks og störf þess,
- b) að móta aðferðir við skipulag sameiginlegra aðgerða hlutaðeigandi opinberra yfirvalda,
- c) að auðvelda söfnun upplýsinga, sem líklegar eru til að koma framkvæmdastjórninni að gagni og sem nota má í þeim könnunum og rannsóknum sem kveðið er á um í þessari reglugerð, og hvetja hlutaðeigandi stjórnsýsluaðila til að skiptast á upplýsingum og reynslu,
- d) að kanna formsatriði er varða samhæfingu viðmiðana sem aðildarríki nota til að meta stöðu vinnumarkaðarins.

31. gr.

1. Umsjónarnefndin skal skipuð fulltrúum ríkisstjórna aðildarríkjanna. Hver ríkisstjórn skal tilnefna í umsjónarnefndina einn af fulltrúum sínum í ráðgjafarnefndinni.
2. Sérhver ríkisstjórn skal tilnefna varamann úr hópi annarra fulltrúa – nefndarmanna eða varamanna – í ráðgjafarnefndina.

32. gr.

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar eða varamaður hans fer með formennsku í umsjónarnefndinni. Formaðurinn hefur ekki atkvæðisrétt. Formaður og nefndarmenn geta leitað ráða hjá sérfræðingum.

Framkvæmdastjórnin skal sjá nefndinni fyrir skrifstofuþjónustu.

33. gr.

Tillögur og álitserðir umsjónarnefndarinnar skulu berast framkvæmdastjórninni og skal tilkynna það ráðgjafarnefndinni. Skrifleg greinargerð með álit einstakra fulltrúa umsjónarnefndarinnar skal fylgja öllum tillögum og álitserðum fari þeir fram á það.

34. gr.

Umsjónarnefndin skal setja sér starfsreglur samkvæmt reglum um málsmeðferð sem skulu taka gildi þegar ráðið, að fengnu álit framkvæmdastjórnarinnar, hefur gefið samþykki sitt. Gildistaka breytinga sem nefndin kann að gera á þessum starfsreglum skal háð sömu málsmeðferð.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

35. gr.

Málsmeðferðarreglur ráðgjafarnefndarinnar og umsjónarnefndarinnar sem eru í gildi 8. nóvember 1968 eiga áfram við.

36. gr.

1. Reglugerð þessi skal ekki hafa áhrif á ákvæði stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu sem fjalla um aðgang að sérhæfðum störfum í kjarnorkuiðnaði, né heldur neinar þær ráðstafanir sem gripið er til samkvæmt þessum sáttmála.

Engu að síður skal þessi reglugerð ná til þess hóps launafólks, sem um getur í fyrstu undirgrein og til aðstandenda þess, að svo miklu leyti sem réttarstaða þess ræðst ekki af ofangreindum sáttmála eða ráðstöfunum.

2. Reglugerð þessi skal ekki hafa áhrif á ráðstafanir sem gripið er til skv. 48. gr. sáttmálans um starfs hætti Evrópusambandsins.

3. Reglugerð þessi skal ekki hafa áhrif skuldbindingar aðildarríkjanna vegna sérstakra sambanda eða framtíðarsamninga við tiltekin lönd eða yfirráðasvæði utan Evrópu, er byggjast á tengslum milli stofnana sem voru fyrir hendi 8. nóvember 1968, eða samninga sem voru í gildi 8. nóvember 1968 við tiltekin lönd eða yfirráðasvæði utan Evrópu er byggjast á tengslum milli stofnana þeirra.

Launafólk frá slíkum löndum eða yfirráðasvæðum sem, í samræmi við þetta ákvæði, stunda vinnu á yfirráðasvæði einhvers þessara aðildarríkja geta ekki borið fyrir sig eða notið ákvæða þessarar reglugerðar á yfirráðasvæðum hinna aðildarríkjanna.

37. gr.

Aðildarríkin skulu í upplýsingaskyni senda framkvæmdastjórninni texta samkomulags, samninga eða samþykktu sem þau hafa gert sín á milli varðandi launafólk á tímabilinu frá undirritun þeirra til gildistöku.

38. gr.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanir samkvæmt þessari reglugerð fyrir framkvæmd hennar. Hún skal í þessu skyni eiga náð samstarf við opinber stjórnvöld í aðildarríkjunum.

39. gr.

Stjórnunarkostnaður ráðgjafarnefndarinnar og umsjónarnefndarinnar skal talinn með í þeim hluta fjárhagsáætlunar Evrópusambandsins sem varðar framkvæmdastjórminna.

40. gr.

Reglugerð þessi gildir fyrir aðildarríkin og ríkisborgara þeirra, sbr. þó 2. og 3. gr.

41. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 1612/68 er hér með felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

42. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg, 5. apríl 2011.

Fyrir hönd Evrópuþingsins, Fyrir hönd ráðsins,

J. Buzek

Györi E.

forseti.

forseti.

I. VIÐAUKI

NIÐURFELLD REGLUGERÐ MEÐ SKRÁ YFIR SÍÐARI BREYTINGAR HENNAR

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68

(Stjtið. EB L 257, 19.10.1968, bls. 2).

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 312/76

(Stjtið. EB L 39, 14.2.1976, bls. 2).|

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2434/92

(Stjtið. EB L 245, 26.8.1992, bls. 1).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB

(Stjtið. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 77).

Einungis 1. mgr. 38. gr.

II. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Reglugerð (EBE) nr. 1612/68	Þessi reglugerð
I. hluti	I. kafli
I. bálkur	1. þáttur
1. gr.	1. gr.
2. gr.	2. gr.
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 3. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 3. gr.
Fyrsti undirliður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 3. gr.	a-liður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 3. gr.
Annar undirliður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 3. gr.	b-liður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 3. gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. 3. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 3. gr.
2. mgr. 3. gr.	2. mgr. 3. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 1612/68	Þessi reglugerð
4. gr.	4. gr.
5. gr.	5. gr.
6. gr.	6. gr.
II. bólkur	2. þáttur
7. gr.	7. gr.
1. mgr. 8. gr	8. gr.
9. gr.	9. gr.
III. BÓLKUR	3. þáttur
12. gr.	10. gr.
II. hluti	II. kafli
I. bólkur	1. þáttur
13. gr.	11. gr.
14. gr.	12. gr.
II. bólkur	2. þáttur
15. gr.	13. gr.
16. gr.	14. gr.
17. gr.	15. gr.
18. gr.	16. gr.
III. bólkur	3. þáttur
19. gr.	17. gr.
IV. bólkur	4. þáttur
21. gr.	18. gr.
22. gr.	19. gr.
23. gr.	20. gr.
III. hluti	III. kafli
I. bólkur	1. þáttur
24. gr.	21. gr.
25. gr.	22. gr.
26. gr.	23. gr.
27. gr.	24. gr.
28. gr.	25. gr.
29. gr.	26. gr.
30. gr.	27. gr.
31. gr.	28. gr.
II. bólkur	2. þáttur
32. gr.	29. gr.
33. gr.	30. gr.
34. gr.	31. gr.
35. gr.	32. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 1612/68	Þessi reglugerð
36. gr.	33. gr.
37. gr.	34. gr.
IV. hluti	IV. kafli
I. bólkur	—
38. gr.	—
39. gr.	35. gr.
40. gr.	—
41. gr.	—
II. bólkur	—
1. mgr. 42. gr	1. mgr. 36. gr
2. mgr. 42. gr	2. mgr. 36. gr
Fyrsti og annar undirliður fyrstu undirgreinar 3. mgr. 42. gr.	Fyrsta undirgrein 3. mgr. 36. gr.
Önnur undirgrein 3. mgr. 42. gr.	Önnur undirgrein 3. mgr. 36. gr.
43. gr.	37. gr.
44. gr.	38. gr.
45. gr.	—
46. gr.	39. gr.
47. gr.	40. gr.
—	41. gr.
48. gr.	42. gr.
—	I. viðauki
—	II. viðauki

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er lagt fyrir Alþingi til lögfestingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011 frá 5. apríl 2011, um frjálsa för launafólks innan Sambandsins. Sú reglugerð leysir af hólmi reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 frá 15. október 1968, um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins, sem lögfest var með lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þeirri reglugerð hafði nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum. Reglugerðin var því endurútgefin 5. apríl 2011 í þeim tilgangi að auka skýrleika og hagræðingu í framkvæmd. Frjáls för launafólks skal vera tryggð innan Evrópusambandsins sem felur í sér afnám allrar mismununar launafólks sem byggð er á ríkisfangi og lýtur að atvinnu, launakjörum og öðrum starfs- og ráðningarskilyrðum. Auk þess lýtur frjáls för launafólks að rétti launafólks, að teknu tilliti til takmarkana sem helgast af allsherjarreglu, almannaoýruggi og almannahæilbrigði, til að hafa frelsi til að fara um innan Evrópska efnahagssvæðisins í þeim tilgangi að starfa sem launamaður. Frjáls för telst til grundvallarréttinda launafólks og fjölskyldna þeirra. Meginreglan um bann við mismunun að því er varðar launafólk innan Evrópusambandsins felur í sér að allir ríkisborgarar aðildarríkjanna njóti sömu réttinda til vinnu og innlent launafólk. Til að

auðvelda atvinnu og búsetu launafólks í aðildarríkjunum er í reglugerðinni ákvæði um rétt barna launafólks til náms meðan á dvölinni stendur, sbr. 10. gr. reglugerðarinnar þar sem fram kemur að börn ríkisborgara aðildarríkis, sem er eða hefur verið ráðinn til vinnu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, skulu eiga rétt á almennri menntun í því ríki.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) var lögfestur á Íslandi með lögum nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum. Réttur til frjálstrar farar sem slíkur byggist aðallega á 28. gr. samningsins. EES-samningurinn felur m.a. í sér að meginreglurnar um frjálstan atvinnu- og búseturétt fólks, sem gilda innan Evrópusambandsins, eigi að gilda á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Hafa því helstu reglugerðir og tilskipanir Evrópusambandsins sem gilda á þessu sviði verið felldar undir viðauka við samninginn. Í 28. gr. samningsins er launafólki tryggð frjáls för innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þessi réttindi eru nánar skýrð í V. viðauka við samninginn. Til launafólks teljast allir ríkisborgarar innan Evrópska efnahagssvæðisins sem sækja um og ráða sig í vinnu eða hafa góðar vonir um að fá vinnu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins á þeim tíma sem viðkomandi hefur rétt á að dvelja í landinu. Í 2. tölul. 28. gr. samningsins er kveðið á um að afnema skuli alla mismunun sem byggð er á ríkisborgararétti viðkomandi lands og lýtur að ráðningum, launum og öðrum starfskjörum. Í 3. tölul. 28. gr. samningsins kemur nánar fram hvað frjáls för launafólks felur í sér. Í innganginum er þó kveðið á um að unnt sé að takmarka þetta frjálsræði með tilliti til allsherjarreglu, almannaöryggis og almannaheilbrigðis. Skv. b-lið 3. tölul. 28. gr. samningsins öðlast launafólk rétt til að fara að vild um Evrópska efnahagssvæðið í atvinnuleit. Skv. c-lið 3. tölul. 28. gr. samningsins eiga þeir sem rétt hafa til að flytja til ríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins einnig rétt á að dvelja í öðru ríki innan svæðisins til að taka þar vinnu í samræmi við ákvæði í lögum, stjórnslufyrirmælum og kjarasamningum um starfskjör ríkisborgara þess ríkis. Í 4. tölul. 28. gr. samningsins er kveðið á um að ákvæðið eigi ekki við um störf í opinberri þjónustu. Upphaflega var litið svo á að ákvæðið ætti við um öll störf í opinberri þjónustu. Skilningurinn hefur breyst í gegnum tíðina, sérstaklega vegna þess að ýmis störf eru í höndum einkaaðila í sumum ríkjum en í höndum opinberra aðila í öðrum. Ráða má af fjölmörgum dómum Evrópudómstólsins, sem um þetta hafa fjallað, að það eru fyrst og fremst störf sem tengjast eiginlegum störfum innan stjórnslunnar og störfum er tengjast öryggishagsmunum ríkisins sem eru vernduð með þessum hætti.

Fjölmargar reglugerðir og tilskipanir, sem felldar hafa verið undir viðauka við EES-samninginn, tengjast þannig atvinnu- og búseturétti með ýmsum hætti. Í eftirtöldum viðaukum eru taldar upp þær reglugerðir, tilskipanir og aðrar gerðir sem hafa slík ákvæði auk ákvæðis um aðlögun þeirra: í V. viðauka eru gerðir sem tengjast atvinnu- og búseturétti launafólks og fjölskyldna þeirra, sbr. 29. gr. samningsins; í VII. viðauka eru gerðir um gagnkvæma viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi, sbr. 30. gr. samningsins; í VIII. viðauka eru gerðir um staðfesturétt sjálfstætt starfandi og búseturétt annarra hópa en launafólks og fjölskyldna þeirra og í IX. viðauka eru gerðir um staðfesturétt þeirra sem stunda fjármálaþjónustu eins og banka- og váttryggingastarfsemi. Þá eru í X. viðauka um hljóð- og myndmiðlun og XI. viðauka um fjarskiptaþjónustu ákvæði um staðfesturétt þeirra sem setja á fót sjálfstæða starfsemi innan þessara starfsgreina með þeim takmörkunum sem þar gilda. Í 2. kafla III. hluta samningsins, þ.e. 31.–35. gr., er fjallað um staðfesturétt sem tengist framangreindum viðaukum og í 3. kafla þess hluta um þjónustu, þ.e. 36.–39. gr.

Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB frá 29. apríl 2004, um rétt borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra til frjálstrar farar og dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkja, var helstu reglum sem gilt hafa um frjálsa för ríkisborgara ríkja Evrópusambandsins

steypt saman í eina tilskipun. Tilskipunin var felld undir V. viðauka við EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2007 frá 7. desember 2007, með fyrirvara um mat á því með hvaða hætti löggjöf Evrópusambandsins og dómaframkvæmd Evrópudómstólsins í tengslum við hugtakið ríkisfang í aðildarríkjunum hefur áhrif á Evrópska efnahagssvæðið í framtíðinni. Efni tilskipunarinnar lýtur aðallega að rétti ríkisborgara þessara ríkja til dvalar á yfirráðasvæðum annarra aðildarríkja í því skyni að starfa þar. Tilskipunin fól í sér breytingu á reglugerð nr. 1612/68. sem eins og áður sagði var innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, þar sem ákvæði 23. gr. tilskipunarinnar kom í stað 10. og 11. gr. reglugerðarinnar. Ákvæðið inniheldur skilgreiningu á aðstandanda og fjallar um rétt aðstandanda ríkisborgara aðildarríkjanna til að starfa innan svæðisins óháð þjóðerni. Lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins var í kjölfarið breytt með lögum nr. 78/2008. Ákvæði 2. gr. frumvarps þessa er efnislega samhljóða 1. gr. a gildandi laga sem upphaflega innleiddi umrædda 23. gr. tilskipunarinnar. Frumvarp þetta felur því ekki í sér efnislegar breytingar á gildandi lögum um sama efni heldur er eingöngu verið að tryggja innleiðingu á nýrri reglugerð sem felur í sér endurútgáfu á eldri reglugerð.

Frumvarp þetta felur í sér tillögu að ákvæði til bráðabirgða þar sem gildistöku ákvæða 1.–6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011 er frestað til 1. júlí 2015 að því er varðar ríkisborgara Króatíu. Munu því ákvæði II. kafla laga nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, með síðari breytingum, gilda áfram um ríkisborgara Króatíu eins og verið hefur. Gert er ráð fyrir að önnur ákvæði laganna sem og reglugerðarinnar gildi gagnvart ríkisborgurum Króatíu eftir því sem við getur átt. Til dæmis er gert ráð fyrir að óheimilt sé að láta ríkisborgara Króatíu gjalda þjóðernis síns hvað viðvíkur ráðningar- og vinnuskilyrðum, svo sem hvað varðar launakjör, uppsögn úr starfi og endurráðningu, komi til atvinnumissis, endurráðningu, sbr. 7. gr. reglugerðarinnar, hafi þeir fengið leyfi til að starfa hér á landi samkvæmt lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, með síðari breytingum. Þá gildir 3. þáttur 1. kafla reglugerðarinnar um fjölskyldur launafólks með þeim takmörkunum sem leiða má af því að ákvæði 1.–6. gr. gilda ekki gagnvart þessum ríkisborgurum. Þurfa því aðstandendur launamanna frá Króatíu einnig að sækja um leyfi til að dveljast hér á landi samkvæmt lögum nr. 96/2002, um útlendinga, með síðari breytingum, og tímabundin atvinnuleyfi samkvæmt lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, með síðari breytingum, óski þeir eftir að taka þátt á innlendum vinnumarkaði. Í aðildarsamningi ESB var samið um sérstaka aðlögun á löggjöf Evrópusambandsins gagnvart nýjum aðildarríkjum á tilteknum sviðum. Meðal þess sem gerður var fyrirvari um var gildistaka 1.–6. gr. reglugerðar nr. 492/2011, um frjálsa för launafólks innan Sambandsins, með síðari breytingum. Samningurinn um inngöngu Króatíu í Evrópusambandið heimilar því aðildarríkjum að fresta gildistöku ákvæðanna til 1. júlí 2015. Enn fremur er aðildarríkjum Evrópusambandsins heimilt að fresta gildistöku ákvæðanna í allt að fimm ár til viðbótar eða til 1. júlí 2020. Sömu aðlaganir voru gerðar í aðildarsamningnum að Evrópska efnahagssvæðinu og hafa aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins því sömu heimildir til aðlagana á þessu sviði.

Atvinnuleysi hefur verið nokkuð á íslenskum vinnumarkaði frá hausti 2008 en á árinu 2012 mældist skráð atvinnuleysi að meðaltali 5,8% af áætluðum mannafla á vinnumarkaði sem nemur því að 9.505 atvinnuleitendur hafi að meðaltali verið skráðir án atvinnu. Árið 2013 mældist skráð atvinnuleysi að meðaltali 4,4% af áætluðum mannafla á vinnumarkaði sem nemur því að 7.303 atvinnuleitendur hafi að meðaltali verið skráðir án atvinnu. Reynslan af stækkun Evrópska efnahagssvæðisins til austurs árið 2004 er tíu ríki gerðust aðilar að

samningnum var sú að nokkur hreyfanleiki varð á meðal ríkisborgara þeirra ríkja. Á þeim tíma var jafnframt nokkur þensla á íslenskum vinnumarkaði og því næga atvinnu að fá. Evrópska efnahagssvæðið stækkaði enn frekar árið 2007 er Rúmenía og Búlgaría gerðust einnig aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Svo virðist sem Rúmenum og Búlgörum hafi ekki fjölgað hér á landi frá árinu 2007 en þar hafa aðstæður á vinnumarkaði eflaust einnig haft áhrif. Jafnframt þarf að líta til þess að íslenskur vinnumarkaður er smár í sniðum í samanburði við vinnumarkaði nágrannaríkja okkar. Þegar lítið er til reynslunnar geta aðstæður á vinnumarkaði breyst hratt. Þá þarf að líta til hugsanlegra langtímaáhrifa frá stækkun Evrópska efnahagssvæðisins, en svo virðist sem að erlendir ríkisborgarar dvelji hér í lengri tíma en áður og hugi jafnvel að langtímadvöl. Er því mikilvægt að unnt verði að fylgjast mjög vel með hversu margir launamenn koma hingað til lands frá Króatíu til viðbótar því launafólki sem þegar hefur aðgengi að lausum störfum á innlendum vinnumarkaði.

Að teknu tilliti til framangreinds er talin ástæða til að leggja til að gildistöku ákvæða 1.–6. gr. reglugerðar nr. 492/2011, um frjálsa för launafólks innan Sambandsins, ásamt síðari breytingum, verði frestað tímabundið samkvæmt efni sínu að því er varðar aðgengi ríkisborgara Króatíu að íslenskum vinnumarkaði. Ákvæði 1. gr. reglugerðarinnar fjallar um rétt ríkisborgara annarra aðildarríkja að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið til að ráða sig til vinnu hér á landi á sömu forsendum og íslenskir ríkisborgarar. Er íslenskum stjórnvöldum óheimilt að takmarka aðgang ríkisborgara annarra aðildarríkja samningsins um Evrópska efnahagssvæðið að vinnumarkaði sínum, sbr. 3. og 4. gr. reglugerðarinnar. Í þessu felst m.a. að skv. 6. gr. er óheimilt að setja sérstök skilyrði er varða heilsufar, sérþekkingu eða annað það sem mismunar ríkisborgurum annarra aðildarríkja í samanburði við íslenska ríkisborgara sem gegna sama starfi. Þá skulu ríkisborgarar annarra aðildarríkja njóta sömu aðstoðar vinnumiðlunar hér á landi og íslenskir ríkisborgarar njóta, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar. Er gert ráð fyrir að ákvæði þessi muni taka að fullu gildi í fyrsta lagi 1. júlí 2015 að því er varðar króatíska ríkisborgara. Önnur ákvæði reglugerðarinnar öðlast hins vegar gildi gagnvart króatískum ríkisborgurum við gildistöku aðildarsamnings EES eftir því sem við getur átt.

Það leiðir af frestun gildistöku ákvæða 1.–6. gr. reglugerðar nr. 492/2011 að ákvæði a-liðar 22. gr. laga nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, gildir ekki að því er varðar ríkisborgara Króatíu fyrr en í fyrsta lagi 1. júlí 2015. Munu því ákvæði laga um atvinnuréttindi útlendinga um veitingu tímabundinna atvinnuleyfa gilda áfram eins og verið hefur um atvinnuréttindi ríkisborgara Króatíu. Er því gert ráð fyrir að tímabundið atvinnuleyfi skuli liggja fyrir áður en umræddir ríkisborgarar koma í fyrsta skipti til starfa á Íslandi. Samkvæmt aðildarsamningi EES, sbr. viðauka B, er núverandi aðildarríkjum gert að veita launamönnum sem eru ríkisborgarar Króatíu forgang fram yfir ríkisborgara ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins að því er varðar aðgengi að vinnumarkaði sínum á því tímabili sem innlendum ráðstöfunum er beitt. Enn fremur er einstökum ríkjum óheimilt að synja þeim um áframhaldandi aðgengi að vinnumarkaði sínum uppfylli hlutaðeigandi áfram þau skilyrði sem í gildi eru fyrir útgáfu tímabundinna atvinnuleyfa eftir að hafa starfað í viðkomandi ríki í tólf mánuði eða lengur. Á þetta við hvort sem hlutaðeigandi fær tímabundið atvinnuleyfi fyrir gildistöku aðildarsamnings EES eða síðar.

2. Helstu ákvæði reglugerðar nr. 492/2011.

Í þessu yfirliti verður vikið nánar að uppsetningu og helstu ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011 frá 5. apríl 2011. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 frá 15. október 1968 hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum.

Reglugerðin var því endurútfegin 5. apríl 2011 í þeim tilgangi að auka skýrleika og hagræðingu í framkvæmd.

I. Inngangur reglugerðarinnar.

Í inngangi reglugerðarinnar er vikið að þeim markmiðum og grundvallarreglum sem reglugerðin byggist á. Jafnframt kemur fram að frjáls för launafólks skuli vera tryggð sem felur í sér afnám allrar mismununar launafólks í aðildarríkjunum sem byggð er á ríkisfangi og lýtur að atvinnu, launakjörum og öðrum starfs- og ráðningarskilyrðum. Enn fremur lýtur frjáls för launafólks að rétti launafólks, að teknu tilliti til takmarkana sem helgast af allsherjarreglu, almannaöryggi og almannaheilbrigði, til að hafa frelsi til að fara um innan Evrópusambandsins. Skilgreining á launafólki felur í sér alla þá sem eru ráðnir ótímabundið eða tímabundið, svo sem í árstíðabundnum störfum, eða sækja vinnu yfir landamæri, svo og þá sem sinna þjónustustörfum. Einnig kemur fram að tryggja beri hreyfanleika launafólks án takmarkana og staðfesta rétt alls launafólks í aðildarríkjunum til að starfa innan svæðisins á þeim sviðum sem það hefur kosið sér. Þá er fjallað um að frelsi til flutninga teljist til grundvallarréttinda launafólks og fjölskyldna þeirra og að launafólk skuli njóta jafnra réttinda að lögum hvað varðar málefni sem tengjast ástundun launaðrar atvinnu sem og í húsnæðismálum. Í innganginum kemur einnig fram að öllum hindrunum sem takmarka hreyfanleika launafólks innan svæðisins skuli rutt úr vegi.

II. Um atvinnumál, jafna meðferð og fjölskyldur launafólks.

I. kafli reglugerðarinnar, sem ber heitið „Atvinnumál, jöfn meðferð og fjölskyldur launafólks“, skiptist í þrjú þætti. 1. þáttur, sem ber heitið „Aðgangur að atvinnu“, skiptist í sex greinar, þ.e. 1.–6. gr. Ákvæðin fjalla öll um grundvallarréttindi er varða jafnan aðgang ríkisborgara aðildarríkjanna að vinnumarkaði. Þar er t.d. kveðið á um að innlendum vinnumiðlunum beri að veita ríkisborgurum aðildarríkjanna sömu aðstoð líkt og um innlendan ríkisborgara væri að ræða. Slíkt hefur verið gert hér á landi en líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpi til laga um atvinnuréttindi útlendinga þá hefur verið lögð áhersla á að í tilvikum er starfsmenn fást ekki á innlendum vinnumarkaði leiti atvinnurekendur fyrst eftir starfsfólki á hinum sameiginlega vinnumarkaði Evrópska efnahagssvæðisins áður en leitað er út fyrir svæðið eftir launafólki. Er þá gert ráð fyrir að atvinnurekendur leiti eftir starfsfólki innan svæðisins með aðstoð Vinnumálastofnunar með milligöngu Eures, vinnumiðlunar á Evrópska efnahagssvæðinu. Fellur það í hlut Vinnumálastofnunar að kanna sjálfstætt áður en atvinnuleysi er veitt hvert atvinnuástandið innan lands er á hverjum tíma og hvort útséð er um að vinnuafli fái inná innan Evrópska efnahagssvæðisins, frá EFTA-ríkjum eða Færeyjum enda er hlutverk stofnunarinnar að fylgjast með atvinnuástandi í landinu í því skyni að koma í veg fyrir atvinnuleysi eins og frekast er unnt.

2. þáttur I. kafla reglugerðarinnar, sem ber heitið „Atvinna og jöfn meðferð“, skiptist í þrjár greinar, þ.e. 7.–9. gr. Þessar greinar fjalla um jafnrétti í launum, öðrum starfskjörum og vinnuskilyrðum, aðgang að stéttarfélögum og aðgang að húsnæði, þ.m.t. eigið húsnæði og þjónustu húsnæðismiðlunar. Fram kemur að ríkisborgarar annarra aðildarríkja, sem uppfylla sömu skilyrði og innlendir ríkisborgarar um aðgang að stéttarfélagi, eigi sama rétt á að gegna stjórnunarstörfum fyrir stéttarfélagið.

3. þáttur I. kafla reglugerðarinnar, sem ber heitið „Fjölskyldur launafólks“, felur einungis í sér eina grein, þ.e. 10. gr., sem fjallar um rétt barna ríkisborgara aðildarríkis, sem hefur verið ráðinn til vinnu í öðru aðildarríki, til menntunar. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins

2004/38/EB, um rétt borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra til frjálsrar farar og dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, fól í sér breytingar á reglugerð nr. 1612/68, en ákvæði 23. gr. tilskipunarinnar kom í stað 10. og 11. gr. reglugerðar nr. 1612/68. Skilgreiningu á aðstandendum er því ekki að finna í reglugerð nr. 492/2011 en hún er nánar útlistuð í tilskipun 2004/38/EB, sbr. einnig 2. gr. þessa frumvarps.

III. Um ráðningar í lausar stöður og atvinnuumsóknir.

II. kafli reglugerðarinnar, sem ber heitið „Ráðning í lausar stöður og atvinnuumsóknir“, skiptist í fjóra þætti. 1. þáttur ber heitið „Samvinna á milli aðildarríkjanna og við framkvæmdastjórnina“, og skiptist í tvær greinar, þ.e. 11. og 12. gr. Þessar greinar kveða á um samvinnu ýmissa aðila í einstökum aðildarríkjum við sambærilegar stofnanir í öðrum aðildarríkjum og við stofnanir Evrópusambandsins, líkt og framkvæmdastjórnina, Evrópsku samráðsskrifstofuna, sbr. 18. gr. reglugerðarinnar, og umsjónarnefndina, sbr. 29. gr. reglugerðarinnar. Þar kemur m.a. fram að aðildarríkin skuli starfrækja sérstaka þjónustuskrifstofu sem gegnir hlutverki aðalvinnumiðlunar í hverju ríki. Þjónustuskrifstofa hvers aðildarríkis skal senda til þjónustuskrifstofa hinna aðildarríkjanna og til Evrópsku samráðsskrifstofunnar upplýsingar um lífskjör, vinnuskilyrði og ástand vinnumarkaðar sem líklegar eru til að koma launafólki frá öðrum aðildarríkjum að gagni. Þessar skrifstofur skulu hafa náði samstarf sín á milli og við framkvæmdastjórnina hvað varðar ráðningar í lausar stöður, meðferð atvinnuumsókna og tengd verkefni. Þjónustuskrifstofurnar skulu enn fremur miðla upplýsingum til vinnumiðlana hver í sínu landi. Í 12. gr. kemur fram að aðildarríkin skuli upplýsa um vandamál sem upp kunna að koma í sambandi við frjálsa flutninga launafólks og atvinnumál þess og að gerð séu nákvæm yfirlit yfir stöðu og þróun atvinnulífs á tilteknum svæðum og í tilteknum starfsgreinum. Framkvæmdastjórnin ákveður í samráði við umsjónarnefndina hvernig unnið verði úr þessum gögnum. Ástandið á vinnumarkaði er metið samkvæmt samræmdum viðmiðum að fengnu álitum ráðgjafarnefndarinnar, sbr. 1. þátt III. kafla.

2. þáttur II. kafla reglugerðarinnar, sem ber heitið „Ráðstöfun lausra starfa“, skiptist í fjórar greinar, þ.e. 13.–16. gr. Þessar greinar kveða nánar á um starfsemi þjónustuskrifstofunnar og vinnumiðlana í aðildarríkjunum, einkum hvað varðar störf sem ekki hefur verið ráðið í eða ólíklegt er að ráðið verði í með starfsfólki af innlendum vinnumarkaði og starfsumsóknir fólks sem hefur lýst sig reiðubúið og hæft til að þiggja launaða vinnu í öðru landi. Auk þess skal þjónustuskrifstofa hvers aðildarríkis senda slíkar upplýsingar áfram til viðkomandi vinnumiðlana og vinnumálaskrifstofu eins fljótt og auðið er. Þá er kveðið nánar á um samstarf þessara aðila við framkvæmdastjórnina og sams konar stofnanir.

3. þáttur II. kafla reglugerðarinnar ber heitið „Leiðir til að hafa eftirlit með jafnvægi á vinnumarkaðnum“ og felur einungis í sér eina grein, þ.e. 17. gr. Þar er fyrst og fremst kveðið á um það hlutverk framkvæmdastjórnarinnar að gera skýrslu sem byggist á upplýsingum sem aðildarríkin hafa gefið um aðgerðir vegna lausra starfa og atvinnuumsókna innan aðildarríkjanna og meta árangur þeirra. Aðildarríkin skulu ásamt framkvæmdastjórninni kanna öll tiltæk ráð til að veita ríkisborgurum aðildarríkjanna forgang þegar lausar stöður eru mannaðar. Annað hvert ár skal framkvæmdastjórnin leggja fram skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins um framkvæmd II. kafla reglugerðarinnar þar sem gerð er grein fyrir þeim upplýsingum sem hafa borist frá aðildarríkjunum og niðurstöðum athugana og rannsókna er varða þróun vinnumarkaða þeirra.

4. þáttur II. kafla reglugerðarinnar, sem ber heitið „Evrópska samráðsskrifstofan“, skiptist í þrjár greinar þ.e. 18.–20. gr. Hlutverk Evrópsku samráðsskrifstofunnar er að samræma ráð-

stafanir vegna atvinnutækifæra og atvinnuumsókna og skal hún almennt miðla upplýsingum um laus störf innan aðildarríkjanna. Evrópska samráðsskrifstofan ber einnig ábyrgð á öllum formsatriðum er varða þá málaflokka sem falla undir framkvæmdastjórnina samkvæmt reglugerðinni. Skrifstofunni ber einnig að aðstoða vinnumiðlanir í aðildarríkjunum eftir þörfum sem og að taka saman þær upplýsingar sem um getur í 12. og 13. gr. reglugerðarinnar ásamt niðurstöðum kannana og rannsókna skv. 11. gr. í því skyni að varpa ljósi á gagnlegar staðreyndir um fyrirsjáanlega þróun á vinnumarkaði aðildarríkjanna. Þessi verkefni og fleiri eru nánar tilgreind í 19. og 20. gr. reglugerðarinnar.

IV. Um nefndaskipan.

III. kafli reglugerðarinnar ber heitið „Nefndir sem eiga að tryggja nána samvinnu milli aðildarríkjanna í málefnum er varða frjálsa för launafólks og störf þess“ og skiptist kaflinn í tvo þætti. 1. þáttur, sem ber heitið „Ráðgjafarnefndin“ (The Advisory Committee), skiptist í átta greinar, þ.e. 21.–28. gr. Skv. 21. gr. ber ráðgjafarnefndin ábyrgð á að aðstoða framkvæmdastjórnina við að athuga nánar þau vafamál sem kunna að koma upp við framkvæmd samningsins og varða frelsi launafólks til flutninga og störf þeirra. Í 22. gr. er fjallað nánar um þau verkefni sem nefndinni er ætlað að bera ábyrgð á. Í 23. gr. er kveðið á um skipan nefndarinnar, en gert er ráð fyrir að hvert aðildarríki eigi þar sex fulltrúa. Tveir þeirra eru fulltrúar stjórnvalda, tveir frá samtökum launafólks og tveir frá samtökum vinnuveitenda. Varamenn eru skipaðir með sama hætti. Starfstími fulltrúanna og varamanna þeirra er tvö ár en heimilt er að endurskipa þá. Aðrar greinar þessa þáttar kveða nánar á um skipan og meðferð mála hjá nefndinni.

2. þáttur III. kafla reglugerðarinnar ber heitið „Umsjónarnefndin“ (The Technical Committee) og skiptist í sex greinar, þ.e. 29.–34. gr. Skv. 29. gr. skal umsjónarnefndin aðstoða framkvæmdastjórnina við að undirbúa og fylgja eftir öllum formsatriðum og ráðstöfunum sem miða að því að koma reglugerðinni og viðbótarráðstöfunum í framkvæmd. Í 30. gr. er kveðið nánar á um hvaða verkefnum nefndin eigi einkum að bera ábyrgð á. Í 31. gr. er kveðið á um skipan nefndarinnar, en stjórnvöld í hverju aðildarríki tilnefna einn af fulltrúum sínum úr ráðgjafarnefndinni í umsjónarnefndina og einn varamann úr hópi annarra fulltrúa nefndarmanna eða varamanna í ráðgjafarnefndinni. Aðrar greinar þessa þáttar kveða nánar á um skipan og meðferð mála hjá nefndinni.

V. Lokaákvæði.

IV. kafli og jafnframt síðasti kafli reglugerðarinnar ber heitið „Lokaákvæði“ og skiptist í átta greinar, þ.e. 35.–42. gr. Í 35. gr. kemur fram að málsmeðferðarreglur ráðgjafarnefndarinnar og umsjónarnefndarinnar sem voru í gildi 8. nóvember 1968 eiga áfram við. Reglugerð nr. 1612/68 er síðan felld úr gildi með 41. gr. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda við frumvarp þetta.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Frumvarp þetta er lagt fyrir Alþingi til að lögfesta reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011 frá 5. apríl 2011, um frjálsa för launafólks innan Sambandsins, en reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 frá 15. október 1968 hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum. Reglugerðin var því endurútgefin 5. apríl 2011 til þess að auka skýrleika og hagræðingu í framkvæmd.

Um 2. gr.

Ákvæðið fjallar um aðstandendur ríkisborgara ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu eða EFTA-ríkis sem dvelur löglega hér á landi og rétt þeirra til að ráða sig til starfa eða að starfa sem sjálfstætt starfandi einstaklingar á íslenskum vinnumarkaði óháð þjóðerni. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB, um rétt borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra til frjálsrar farar og dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 158/2007, frá 7. desember 2007, um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauka (Staðfesturéttur) við EES-samninginn. Tilskipunin fól í sér breytingar á reglugerð nr. 1612/68 en ákvæði 23. gr. tilskipunarinnar kom í stað 10. og 11. gr. reglugerðarinnar. Ákvæðin fjalla um rétt aðstandenda ríkisborgara ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins til að starfa hér á landi óháð þjóðerni og er efnislega samhljóða 2. gr. a gildandi laga um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Um 3. gr.

Með þessu ákvæði er komið á fót nefnd sem skal vera innlendur eftirlitsaðili með því að ákvæði reglugerðar nr. 492/2011 séu virt. Slík nefnd hefur verið starfandi frá árinu 1993 en í ljósi þess að gert er ráð fyrir að flestir þeir sem nýta sér rétt sinn til frjálsrar farar starfi á almennum vinnumarkaði er lagt til að skipan nefndarinnar verði óbreytt. Er því áfram gert ráð fyrir að Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins eigi hvor sinn fulltrúa í nefndinni, en ráðherra skipi formann án tilnefningar. Þegar nefndin tekur hins vegar til umfjöllunar erindi er varða sérstaklega starfsmenn er starfa hjá hinu opinbera er gert ráð fyrir að fulltrúi hlutaðeigandi heildarsamtaka stéttarféлага opinberra starfsmanna taki einnig sæti í nefndinni sem og annaðhvort fulltrúi þess ráðuneytis er fer með starfsmannamál ríkisins eða Sambands íslenskra sveitarféлага, eftir því hvort umfjöllun beinist að ríki eða sveitarfélagi sem vinnuveitanda.

Um 4. og 5. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Lagt er til ákvæði til bráðabirgða þar sem gildistöku ákvæða 1.–6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011 verði frestað til 1. júlí 2015 að því er varðar ríkisborgara Króatíu. Munu því ákvæði II. kafla laga nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, með síðari breytingum, gilda áfram um ríkisborgara Króatíu eins og verið hefur.

Gert er ráð fyrir að önnur ákvæði laganna sem og reglugerðarinnar gildi gagnvart Króötum eftir því sem við getur átt. Til dæmis er gert ráð fyrir að óheimilt sé að láta ríkisborgara Króatíu gjalda þjóðernis síns hvað viðvíkur ráðningar- og vinnuskilyrðum, svo sem hvað varðar launakjör, uppsögn úr starfi og endurráðningu, komi til atvinnumissis, endurráðningu, sbr. 7. gr. reglugerðarinnar, hafi þeir fengið leyfi til að starfa hér á landi samkvæmt lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, með síðari breytingum. Þá gildir 3. þáttur I. kafla reglugerðarinnar um fjölskyldur launamanna með þeim takmörkunum sem leiða má af því að ákvæði 1.–6. gr. gilda ekki gagnvart þessum ríkisborgurum. Þurfa því aðstandendur launamanna frá Króatíu einnig að sækja um leyfi til að dveljast hér á landi samkvæmt lögum nr. 96/2002, um útlendinga, með síðari breytingum, og tímabundin atvinnuleyfi samkvæmt lög-

um nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlanda, með síðari breytingum, óski þeir eftir að taka þátt á innlendum vinnumarkaði.

Fylgiskjal.

*Fjármála- og efnahagsráðuneyti,
skrifstofa opinberra fjármála:*

Umsögn um frumvarp til laga frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Meginefni frumvarpsins er þríþætt. Í fyrsta lagi er lagt til að lögfest verði ákvæði reglugerðar nr. 492/2011/ESB um frjálsa för launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins. Ákvæði eldri reglugerðar sem eru frá 1968, sbr. reglugerð 1612/68/EBE, voru lögfest með lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins. Hafði þeirri reglugerð nokkrum sinnum verið breytt og var reglugerðin endurútfegin árið 2011 til að auka skýrleika og hagræðingu í framkvæmd. Breytingarnar fela ekki í sér efnislegar breytingar á gildandi lögum.

Í öðru lagi er lögð til innleiðing á ákvæði um rétt aðstandenda ríkisborgara ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins til starfa hér á landi óháð þjóðerni. Ákvæðið er efnislega samhljóða gildandi lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Í þriðja lagi er lögð til innleiðing á ákvæði til að koma á fót nefnd sem skal hafa eftirlit með að ákvæði reglugerðarinnar séu virt. Hefur slík nefnd verið starfandi hér á landi frá árinu 1993.

Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að ákvæði 1.–6. gr. reglugerðar nr. 492/2011/ESB um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins taki ekki gildi um atvinnu- og búseturétt króatískra ríkisborgara fyrr en 1. júlí 2015. Ákvæðið er efnislega samhljóða gildandi lögum um atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Ekki verður séð að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð.